

Aðalfundur Neytendasamtakanna 10. apríl 2025

Staður: Guðrúnartún 1
Fundarstjóri: Mördur Árnason
Fundarritari: Sigurður Másson

Dagskrá fundar:

1. Kjör fundarstjóra og ritara fundarins.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári.
3. Endurskoðaðir reikningar ársins 2024 lagðir fram til afgreiðslu.
4. Rekstraráætlun til næstu áramóta lögð fram.
5. Stefnumótun og ályktanir sem liggja fyrir aðalfundinum.
6. Kjör stjórnarmanna lýst.
7. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og þriggja manna kjörnefndar.
8. Önnur mál.
9. Ný stjórn tekur við.
10. Fundarlok.

1. Setning fundar

- Formaður setti fund klukkan 17:00.
- Mördur Árnason var kosinn fundarstjóri.
- Sigurður Másson var kosinn fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári

- Formaður Neytendasamtakanna, Breki Karlsson, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári. Skýrsla stjórnar innihélt meðal annars tölfræðilega yfirferð á fjölda mála.

3. Endurskoðaðir reikningar ársins 2024 lagðir fram til afgreiðslu og samþykktar

- Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, Brynhildur Pétursdóttir, kynnti ársreikning Neytendasamtakanna 2024. Afgangur var á rekstri samtakanna upp á 4.600.000 kr. Staða eiginfjár er góð.
- Ársreikningarnir voru samþykktir af stjórn 26. mars 2025.

4. **Rekstraráætlun til næstu áramóta**

- Rekstraráætlun samtakanna til næstu áramóta var lögð fram og er gert ráð fyrir að reksturinn verði í jafnvægi og niðurstaða ársins verði rétt yfir núllinu.
- Umræður hófust um skýrslu stjórnar, reikninga ársins 2024 og rekstraráætlun 2025.
- **Eftir umræður voru endurskoðaðir reikningar ársins 2024 bornir upp og samþykktir einróma.**

5. **Stefnumótun og ályktanir.**

- Tvær tillögur um ályktanir lágu fyrir fundinum.

- **Rafmagnsverð til heimila**

Aðalfundur Neytendasamtakanna krefst þess að stjórnvöld tryggi heimilum öruggt rafmagn á viðráðanlegu verði. Þau nota innan við einn tuttugasta þeirrar raforku sem framleidd er á Íslandi.

Rafmagnsverð hefur hækkað um rúm 16% á síðustu 12 mánuðum – fjórfalt umfram verðbólgu – og stefnir enn hærra án aðgerða. Á köldum svæðum, þar sem raforka er notuð til húshitunar, eru dæmi um tugþúsunda króna hækkanir á heimili.

Raforka til heimila ætti að falla undir arðsemisþak líkt og gildir um kalt og heitt vatn og flutning raforku.

Aðalfundur Neytendasamtakanna krefst þess að stórir raforkuframleiðendur verði skyldaðir til að veita að lágmarki 5% af framleiðslu sinni til heimila og selja hana með takmarkaðri arðsemi. Ódýrt rafmagn til heimila skilar almenningi hluta auðlindarentunnar af sameiginlegum orkulindum, og er mikilvægt skref í átt að sátt um orkuöflun og náttúruvernd.

- **Ályktunin var samþykkt, einn fundarmaður sat hjá.**

- **Stefna í neytendamálum**

Aðalfundur Neytendasamtakanna fagnar þingsályktunartillögu atvinnuvegaráðherra um stefnu í neytendamálum sem nú liggur fyrir Alþingi (þingmál 149). Stefnan er metnaðarfull og nær aðgerðaáætlunin til margra mikilvægustu þátta málaflokksins.

Fundurinn vekur jafnframt athygli á nýlegri málaskrá Neytendasamtakanna (<https://ns.is/malaskra/>) þar sem finna má greinargerð um 22 nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum til að efla rétt og vernd neytenda í samræmi við meginmarkmið og aðgerðaáætlun stefnunnar. Margar tillagnanna kalla ekki á aukið fjármagn en hafa engu að síður veruleg áhrif til eflingar neytendarétti.

Neytendasamtökin eru reiðubúin til samstarfs við stjórnvöld um framgang þessa mikilvæga málaflokks.

- **Ályktunin var samþykkt einróma.**

6. **Kjöri stjórnarmanna lýst.**

- Formaður stjórnar Neytendasamtakanna gerði grein fyrir nýrri stjórn sem var sjálfkjörin.
- Eftirfarandi voru sjálfkjörnir (2025–2027):

- ✦ Hildigunnur Hafsteinsdóttir
- ✦ Margrét Dóra Ragnarsdóttir
- ✦ Salka Sól Styrmisdóttir
- ✦ Sigurður Másson
- ✦ Stefán Hrafn Jónsson
- ✦ Þórarinn Stefánsson

- Eftirfarandi voru fyrir í stjórn (2024 – 2026):

- ✦ Auður Alfa Ólafsdóttir
- ✦ Benjamín Julian
- ✦ Flóki Guðmundsson
- ✦ Guðmundur Gunnarsson
- ✦ Pálmey Helga Gísladóttir
- ✦ Virpi Jokinen

7. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og kjör þriggja manna kjörnefndar.

- Fundarstjóri kynnti framlagða tillögu að skoðunarmönnum reikninga:

- ✦ Þuríður Hjartardóttir
- ✦ Hólmfríður Sveinsdóttir
- ✦ og Jóhann Rúnar Sigurðsson til vara

- **Tillagan var samþykkt einróma.**

- Fundarstjóri kynnti framlagða tillögu að kjörnefnd Neytendasamtakanna:

- ✦ Jónas Guðmundsson
- ✦ Ása Atladóttir
- ✦ Þórey S. Þórisdóttir

- **Tillagan var samþykkt einróma.**

8. Önnur mál

- Fundarmaður lagði fram skjal til umræðu um frumvarp um kílómetragjald sem nú er fyrir þinginu. Fundarmaður lagði áherslu á að þungir bílar slíti vegum margfalt meira en léttir bílar og því ætti gjaldtaka að taka mið af því. Formaður útskýrði að samkvæmt stefnu samtakanna sé þetta mál á mörkum þess að vera neytendamál þar sem um er að ræða skattamál.

- Fundarmaður kom með mál um óskýra rafmagnsreikninga frá RARIK. Formaður tók til máls og þakkaði fyrir gott innlegg. Sagði hann að vinna væri þegar í gangi um að auka skýrleika rafmagnsreikninga og því stendur þetta mál til bóta.

9. Ný stjórn tekur við

- Formaður tók til máls og þakkaði fyrir góðan aðalfund.

10. Fundarlok

- Formaður sleit fundi klukkan 18:05.

Fundarstjóri

Fundarritari



Undirritað af:
Sigurður Másson
2804683399
Dags: 14.04.2025
Tími: 11:27:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 756a83f5-32b8-
4fd2-9ed8-2db012ac7216

Formaður

Framkvæmdastjóri



Undirritað af:
Brynhildur Pétursdóttir
3004695079
Dags: 14.04.2025
Tími: 11:28:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 756a83f5-32b8-
4fd2-9ed8-2db012ac7216